

Velferðarnefnd Alþingis
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík 21. apríl 2021

Efni: Umsögn Krabbameinsfélags Íslands um drög að tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

Félagið fagnar tillögunni og leggur til eftirfarandi breytingar, til að undirstrika mikilvægi ákveðinna þátta.

Í 1. kafla Forysta til árangurs verði orðalagið í 1. lið:

1. Stjórnvöld hafi lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun. Komi fram tillögur eða stefnur sem skarast á við heilsusjónarmið skuli heilsan njóta forgangs.

Í 3. kafla Fólkið í forgrunni verði orðalagið í 2. lið

2. Stjórnvöld stuðli að aukinni heilsueflingu allra með því að skapa ákjósanlegar aðstæður, ekki bara í heilbrigðiskerfinu heldur í samfélaginu öllu, í lífi, leik og starfi fyrir fólk á öllum æviskeiðum og með mismunandi þarfir. Skapa þarf greiða leið á milli þjónustustiga, hvort sem hún snýr að t.d. þjálfun eða félags- og tómstundastarfi, t.d. hjá öldruðum.

Í 3. kafla Fólkið í forgrunni verði orðalagið í 3. lið


3. Lýðheilsa og jöfnuður í samfélaginu er nátengt. Mikilvægt er að ryðja úr vegi kerfisbundnum hindrunum sem hamla tækifærum til að lifa heilbrigðu lífi, búa við heilsusamlegar aðstæður og taka virkan þátt í samfélaginu, svo sem fátækt, atvinnuleysi, ójöfnuði, skorti á menntun, skorti á félagslegum stuðningi og jaðarsetningu.

Í 3. kafla Fólkið í forgrunni breytist núverandi liður 3 í lið 4, þar sem orðalagið verður:

4. Efla og koma á þverfaglegri heilsueflandi móttöku innan heilsugæslu fyrir alla aldurshópa og tryggja jafnt aðgengi allra að slíkri þjónustu.

Með kveðju

f.h. Krabbameinsfélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri